

Læsi er lykillinn | Samræða, tjáning og hlustun

Leikskóli / 1.–2. þrep

1.–4. bekkur / 2.–4. þrep

5.–7. bekkur / 4.–5. þrep

8.–10. bekkur / 5.–6. þrep

Samræða, tjáning og hlustun 1. þrep		Samræða, tjáning og hlustun 2. þrep		Samræða, tjáning og hlustun 3. þrep	
Færniþættir	Áherslur í kennslu	Færniþættir	Áherslur í kennslu	Færniþættir	Áherslur í kennslu
Notkun texta	Notkun texta	Framsögn, tjáning og endursögn	Framsögn, tjáning og endursögn	Framsögn, tjáning og endursögn	Framsögn, tjáning og endursögn
Bregst við töluðu máli.	Skapa tækifæri fyrir börn til að taka þátt í samræðum, hlusta á og nota fjölbreytta texta, s.s. sögur, þulur, ljóð og fræðitexta.	Tjáir sig skýrt.	Ræða við börn um raddbeitingu, framburð og raddstyrk við mismunandi aðstæður og hvetja þau til að tala skýrt.	Tjáir sig skýrt og áheyrilega.	Ræða við nemendur um raddbeitingu, framburð og raddstyrk við mismunandi aðstæður, hvetja þá til að tala skýrt og veita þeim leiðbeinandi endurgjöf.
Tekur þátt í samskiptum.	Hvetja börn til að tjá sig um texta sem þau hafa hlustað á.	Tjáir sig í hópi og frammi fyrir hópi.	Skapa tækifæri fyrir börn til að tjá sig og hvetja þau til að segja frá.	Tjáir sig með mismunandi áherslum og blæbrigðum í hópi og frammi fyrir hópi.	Skapa tækifæri fyrir nemendur til að tjá sig og hvetja þá til að segja frá.
Skilur einfaldar og algengar spurningar, s.s. <i>ertu svöng/svangur?</i>	Nota hugtök tengd málnotkun, s.s. að tala og hlusta.	Segir frá eftirminnilegum atburði.		Tjáir eigin skoðanir og tilfinningar.	
Skilningur á samhengi	Miðla hugtök tengd málnotkun, s.s. að tala og hlusta.	Samræður, samskipti og hlustun	Samræður, samskipti og hlustun	Segir frá eftirminnilegum atburði og/eða lýsir ákveðnu fyrirbæri.	Samræður, samskipti og hlustun
Miðar samskipti að því að uppfylla eigin þarfir.	Miðla texta á fjölbreyttan hátt, s.s. með söng, leikrænni tjáningu, sögum og lestri.	Á góð samskipti, hlustar og sýnir kurteisi.	Vera fyrirmynd í samræðum og samskiptum; bregðast við spurningum, hlusta af athygli, tjá eigin hugmyndir og spyrja spurninga.	Endursegir efni sem hlustað hefur verið á, horft á eða lesið.	Skapa nemendum tækifæri til að taka þátt í samræðum og hvetja þá til virkrar þátttöku.
Gerir ráð fyrir að viðmælandi hafi sömu bakgrunnsupplýsingar og það sjálft.	Skilningur á samhengi	Tekur þátt í samræðum.	Leggja áherslu á leiðbeinandi endurgjöf í öllum samræðum.	Samræður, samskipti og hlustun	Vera fyrirmynd í samræðum; bregðast við spurningum, hlusta af athygli, tjá eigin hugmyndir og spyrja opinna og krefjandi spurninga.
Áttar sig á merkingu út frá auðskildu máli, raddbeitingu og svipbrigðum í kunnugum aðstæðum.	Ræða um tal, hlustun, lestur og ritun, vísa til hlustenda, lesenda og tilgangs.	Spyr spurninga og rökstyður mál sitt.	Vekja athygli á því hvernig við tjáum hugmyndir og tilfinningar gegnum samræður.	Á góð samskipti, hlustar og hugsar um það sem sagt er.	Leggja áherslu á leiðbeinandi endurgjöf í öllum samræðum.
Getur gert sig skiljanlegt við kunnuga fullorðna í þekktum aðstæðum.	Hvetja börn til að tjá sig á fjölbreyttan hátt í þeim tilgangi að miðla hugsunum og tilfinningum sínum, s.s. með tali, táknum og myndum.	Heldur uppi samræðum við kunnuga, s.s. foreldra, kennara og bekkjarféлага.	Nota fjölbreyttan orðaforða í samræðum við börn og stuðla þannig að auknum orðaforða.	Tekur þátt í samræðum, rökstyður mál sitt, spyr spurninga og gerir grein fyrir hugsunum sínum, skoðunum og þekkingu.	
	Gefa nemendum gagnlega endurgjöf á tal þeirra, hlustun og ritun.	Fylgist með og hlustar á efni á fjölbreyttu formi, s.s. upplestur, ljóð, söngva og leikið efni.	Ræða, búa til og æfa samskipta og samræðureglur með nemendum.	Gerir sér grein fyrir að hægt er að komast að fleiri en einni niðurstöðu við úrlausn viðfangsefna.	Ræða, búa til og æfa samskipta og samræðureglur með nemendum.
Skilningur á uppbyggingu	Skilningur á uppbyggingu		Skapa börnum tækifæri til að vera virk í samræðum, hlusta, tjá skoðanir sínar og rökstyðja mál sitt.	Skilur að fólk hefur mismunandi skoðanir og tekur tillit til þess.	Gefa nemendum dæmi um hvernig þeir geta tekið þátt í samræðum, s.s. að hlusta, spyrja spurninga, rökstyðja og gefa réttar upplýsingar.
Hefur vald á grunnorðaforða móðurmálsins.	Próa og efla orðaforða barnanna með því m.a. að setja orð á athafnir, hluti, hugsanir og tilfinningar og hvetja börnin til að nota orðin.	Vera fyrirmynd í samræðum og samskiptum.	Skapa tækifæri fyrir börn til að hlusta á fjölbreytt efni, s.s. sögur, söng, samræður og upplýsingar, og hvetja þau til að tjá sig um efnið.	Hlustar á efni á fjölbreyttu formi, s.s. upplestur, ljóð, söngva og leikið efni.	
Hefur tileinkað sér ákveðinn samskiptamáta og yfirfærir hann á aðrar aðstæður.	Vera fyrirmynd í virkri hlustun, s.s. svara/ bregðast við beiðnum, spurningum og horfa á viðmælanda í samræðum.	Aðferðir			
Tekur eftir töluðu máli sem beinist persónulega að því.		Vera fyrirmynd í því hvernig tungumál er notað til að lýsa hugsunum, tilfinningum og löngunum.			
Spyr margra spurninga.		Vera fyrirmynd í því hvernig má efla samræður, s.s. að stilla raddstyrk, skiptast á að tala og hlusta.			
Aðferðir		Hvetja börn til þátttöku í umræðum.			
Notar persónulega reynslu í tali og hlustun.					
Notar einfaldar leiðir/aðferðir við tjáningu s.s. bendir, hermir eftir og notar einfaldar setningar.					
Notar fáar aðferðir við hlustun/skilning, s.s. les í hljómfall og svipbrigði.					



Samræða, tjáning og hlustun 4. þrep		Samræða, tjáning og hlustun 5. þrep		Samræða, tjáning og hlustun 6. þrep	
Færniþættir	Áherslur í kennslu	Færniþættir	Áherslur í kennslu	Færniþættir	Áherslur í kennslu
Framsögn, tjáning og endursögn	Framsögn, tjáning og endursögn	Framsögn, tjáning og endursögn	Framsögn, tjáning og endursögn	Framsögn, tjáning og endursögn	Framsögn, tjáning og endursögn
Tjáir sig skýrt og áheyrilega.	Skapa nemendum tækifæri til að æfa raddbeitingu, framburð og raddstyrk, s.s. í leikrænni tjáningu og upplestri.	Tjáir sig skýrt og áheyrilega og gerir sér grein fyrir gildi góðrar framsagnar.	Ræða um hvernig mismunandi tilgangur og aðstæður kalla á ólíka tjáningu, s.s. hvað varðar tónhæð, málsnið og orðaval.	Flytur mál sitt skýrt og áheyrilega fyrir ólíka hópa hlustenda.	Veita leiðbeiningar um framsögn, s.s. mismunandi áherslur, tónfall, hrynjandi, hraða, fas og leikræna tjáningu.
Tjáir eigin skoðanir og tilfinningar með viðeigandi áherslum og látbragði.	Hvetja nemendur til að tala skýrt og veita þeim leiðbeinandi endurgjöf.	Tjáir eigin skoðanir og tilfinningar og heldur athygli áheyrenda, s.s. með viðeigandi áherslum og látbragði.	Skapa nemendum tækifæri til að æfa raddbeitingu, framburð og raddstyrk, s.s. í leikrænni tjáningu og upplestri.	Notar viðeigandi tjáningu í framsögn, s.s. raddblæ, hljóðstyrk og svipbrigði.	Gefa færi á að æfa tjáningu í mismunandi aðstæðum, s.s. skipuleggja og flytja formlegt erindi.
Getur flutt undirbúið efni og haldið athygli áheyrenda í nokkurn tíma.	Kenna nemendum að greina lykilupplýsingar í fjölbreyttu efni og endursegja með eigin orðum.	Getur flutt undirbúið efni og haldið athygli áheyrenda.	Hvetja nemendur til að tala skýrt og veita þeim leiðbeinandi endurgjöf.	Getur tileinkað sér, útskýrt og tjáð öðrum flóknar hugmyndir sem settar eru fram í töluðu máli.	Gefa nemendum færi á að skoða og ræða fjölbreytt efni til þess að efla orðaforða.
Getur endursagt og/eða lesið upphátt texta með viðeigandi áherslum og látbragði.	Kenna nemendum að undirbúa framsögn og æfa sig í að halda athygli hlustenda.	Getur endursagt og/eða lesið upphátt fjölbreytt efni með viðeigandi látbragði og áherslum.	Æfa nemendur í að segja frá hugmyndum sínum í rökréttu samhengi og í ákveðnum tilgangi.	Leggur mat á eigin tjáningu og tjáningu samnemenda út frá gefnum viðmiðum.	Kenna nemendum að taka saman flóknar upplýsingar úr töluðu máli.
Samræður, samskipti og hlustun	Samræður, samskipti og hlustun	Samræður, samskipti og hlustun	Samræður, samskipti og hlustun	Samræður, samskipti og hlustun	Samræður, samskipti og hlustun
Tekur þátt í samræðum og rökræðum samkvæmt reglum.	Skapa tækifæri fyrir nemendur til að taka virkan þátt í samræðum, tjá skoðanir sínar og rökstyðja.	Tekur virkan þátt í samræðum, rökstyður hugmyndir sínar og beitir gagnrýninni hugsun.	Æfa nemendur í að finna og túlka flóknar upplýsingar úr töluðu máli.	Ræðir málefni liðandi stundar við skólafélaga í skipulögðum aðstæðum s.s. á bekkjarfundum og á samskiptamiðlum.	Aðstoða nemendur við að setja sér markmið og viðmið um árangur og veita endurgjöf.
Getur rætt um lausn verkefna í minni og stærri hópum.	Ræða um leiðir til að nota samræður í mismunandi tilgangi, s.s. koma upplýsingum áleiðis eða taka þátt í félagslífi.	Tekur þátt í samræðum um málefni liðandi stundar við bekkjarféлага, s.s. á bekkjarfundum.	Leiðbeina nemendum um hugtök tengd málnotkun og hvetja til notkunar á þeim, s.s. <i>látbragð</i> , <i>líkamsbeiting</i> og <i>svipbrigði</i> .	Er fær um að tjá skoðanir sínar með ýmsum hætti og rökstyðja þær.	Gefa nemendum færi á og styðja þá í að taka virkan þátt í samræðum í mismunandi tilgangi og aðstæðum.
Tekur þátt í samræðum um málefni liðandi stundar við bekkjarféлага, s.s. á bekkjarfundum.	Leggja áherslu á að samskipta- og samræðureglum sé fylgt.	Spyr spurninga til að fá upplýsingar, útskýringar og rökstuðning.	Samræður, samskipti og hlustun	Er virkur þátttakandi í samræðum og fylgir samræðureglum.	Kynna fyrir nemendum hvernig ræða má málefni liðandi stundar, ný sjónarhorn og hugmyndir á ábyrgan og árangursríkan hátt við skólafélaga, s.s. í samræðutímum, á bekkjarfundum og á samskiptamiðlum.
Myndar sér skoðun og rökstyður hana.	Aðstoða nemendur við að setja sér markmið um tjáningu og hlustun í samræðum og námi, setja með þeim viðmið um árangur og veita leiðbeinandi endurgjöf.	Hlustar af athygli í töluverðan tíma.	Skapa nemendum tækifæri til að þróa, endurbæta, nota og tileinka sér nýjan orðaforða.	Á góð samskipti þar sem gætt er að tjáningu, hlustun, tillitssemi, virðingu og kurteisi.	Æfa nemendur í að taka tillit til hugmynda annarra í samræðum og virða rétt þeirra til þess að tjá sig.
Notar fjölbreyttan orðaforða til að vekja áhuga eða til að útskýra af nákvæmni.		Beitir þekkingu sinni og reynslu til að skilja það sem sagt er.	Styðja nemendur við að setja sér markmið og veita endurgjöf þegar nemendur æfa sig með mismunandi þætti samræðunnar.	Nýtir sér efni ýmissa (fjöl)miðla og tekur gagnrýna afstöðu til þess sem þar er birt.	Setja með nemendum samræðureglur og kenna aðferðir sem auka færni í samræðum, s.s. lesa í líkamstjáningu og svipbrigði, hlusta, gera hlé á máli sínu, grípa orðið og hleypa öðrum að.
Hlustar af athygli og beitir þekkingu sinni og reynslu til að skilja það sem fram kemur í gegnum ólíka miðla.		Getur hlustað og greint aðalatriði frá aukaatriðum.	Leggja áherslu á að samskipta og samræðureglum sé fylgt, s.s. að halda sig við umræðuefni, skiptast á að tala og hlusta af athygli.	Tileinkar sér gagnlegar aðferðir við hlustun, s.s. að taka upp og glósa.	Skapa nemendum færi á að hlusta, horfa á og njóta myndefnis, upplestrar, leikins efnis og tónlistar.
		Hlustar á, skilur og sækir upplýsingar frá ólíkum miðlum, s.s. útvarpi, sjónvarpi og á vef.	Leiðbeina um aðferðir til að bregðast við ef samskipti ganga erfiðlega eða upp kemur ágreiningur, s.s. útskýra málsatvik og endursegja.	Nýtir upplýsingar úr töluðu máli, myndmáli og hljóði sér til fróðleiks og skemmtunar.	Kenna nemendum að nýta sér mismunandi miðla og miðlun efnis, s.s. leikið efni, útvarp, sjónvarp, tónlist og rafrænt efni og taka gagnrýna afstöðu til þess.
		Leggur mat á eigin frammistöðu og frammistöðu samnemenda, hvað varðar tjáningu og hlustun, út frá gefnum viðmiðum.	Skapa tækifæri fyrir nemendur til að hlusta á fjölbreytt mál, t.d. í útvarpi, sjónvarpi og á vef.	Tekur þátt í samræðum á gagnrýnninn og uppbyggjandi hátt.	Aðstoða nemendur við að setja sér markmið um tal og hlustun í samræðum og námi, setja með þeim viðmið um árangur og veita leiðbeinandi endurgjöf.

